

Að stilla inn meðferð

Það er ferli að stilla inn rétta lyfjameðferð við ADHD. Stundum stutt, stundum langt.

Langalgengast er að byrja á Concerta. Fyrir öll lyf gildir að oftast er byrjað á mjög lágu skammti fyrstu 2-3 vikurnar. Þá er hægt að komast að því hvernig skjólstæðingurinn þolir lyfið og hvernig það virkar á hann. Eftir þessar fyrstu vikur er komið að fyrstu endurkomu á ADHD móttökuna. ADHD móttakan er ýmist í höndum læknis eða hjúkrunarfræðings. Komur þar eru afar stuttar, oftast um 10 mínútur. Meginspurningarnar eru hversu lengi lyfið virkar, hvort það geri allt sem það á að gera og hvort aukaverkanir séu til staðar. Síðan eru gefnar ráðleggingar eftir til-efni, t.d. um mataræði, svefn, lífsstíl o.s.frv. og gerðar breytingar á lyfjameðferðinni. Skömmtum breytt, inn-tökutímum eða jafnvel skipt um lyf. Svo kemur næsta endurkoma nokkrum vikum síðar.

EN EFTIR LYFJASTILLINGU?

Eftir að meðferðin hefur verið stillt af þannig að hún mæti væntingum skjólstæðings sem best tekur við ákveðinn reynslutími, oftast þrír mánuðir. Þá breytum við engu í meðferðinni og oftast kemur skjólstæðingurinn ekki á ADHD móttökuna, heldur lifir sínu lífi einfaldlega eins og venjulega. Að reynslutímanum loknum er svo farið yfir það hvernig gekk. Ef allir eru enn ánægðir með meðferðina er, að öllu óbreyttu, komið að útskrift. Við útskrift biðjum við heilsugæsluna að taka yfir meðferðina. Þetta gerum við bréfleiðis með rafrænu læknabréfi. Það sem skjólstæðingurinn þarf þá að gera er að hafa samband við heilsugæsluna, t.d. með skilaboðum í Heilsuveru, og spyrja þá hvernig þeir vilja standa að yfirtöku. Sumir læknar vilja hitta skjólstæðinginn áður en þeir taka yfir, aðrir ekki. Það getur líka farið eftir því hvort þeir þekki skjólstæðinginn vel fyrir. Rétt er að hafa samband við heilsugæsluna 1-2 mánuðum eftir útskrift. Við útskrift gerum við lyfseðil til hálfis árs, svo ekki verði hlé á meðferð.

ÖNNUR ALGENG LYF

Til eru mörg lyf sem notuð hafa verið við ADHD. Auk metýlfenídats og (lis)dexamfetamíns er einnig þekkt að Módaíníil og amfetamín séu notuð sem örvandi ADHD lyf. ADHD lyf í öðrum lyfjaflokkum eru t.d. Atomoxetin (Strattera) og guanfacin (Intuniv). Mýmörg önnur lyf hafa einnig verið notuð við ADHD, þó að þau séu ekki markaðssett sérstaklega til þess. Hér má nefna bupropion (Wellbutrin) og fleiri.

ÖRVANDI ADHD LYF

Tilgangur þessa bæklinga er að miðla upplýsingum og svara spurningum um örvandi lyf við ADHD.

Með örvandi lyfjum er átt við metýlfenídat (Concerta, Rítalín, Medikinet), (lis)dexamfetamín (Elvanse, Attentin) og lyfjafræðilega skyld lyf. Þessi lyf eru langmest notuðu lyfin við ADHD, en um þau gilda sérstakar reglur og þau verður að umgangast með vissri virðingu. Aldrei má deila lyfjunum með öðrum.

Hafðu samband

583 3500
info@permentis.is
permentis.is

Per mentis slf.
Síðumúla 23
108 Reykjavík



Bæklingur þessi er skrifaður af Kristófer Sigurðssyni geðlækni og ætlaður til nota sem viðbót við greiningu, ráðgjöf og meðferð heilbrigðisstarfsfólks. Hann er ekki tæmandi, heldur stiklar hann á stóru og svarar, að okkar dómi, algengustu spurningunum um sjúkdóminn.

Síðast uppfært 3. september 2026.



UM LYFIN

Aðalhluti virkninnar snýst um að auka magn dópamíns og noradrenalíns í taugamótum í framheilanum. Lyfin virka öll mjög svipað lífefnafræðilega. Tvö helstu lyfin eru metýlfenídat og (lis)dexamfetamín. Um 80% fólks með ADHD fá góð áhrif af örvandi lyfjum.

Af þessum hópi svarar rúmur helmingur þessum tveimur lyfjum eins, en hinn tæpi helmingurinn skiptist jafnt milli þess að vera betri á metýlfenídat eða (lis)dexamfetamíni.

Fullorðnum gefum við langvirku lyfin, Concerta (metýlfenídat) eða Elvanse (lisdex-amfetamín) sem fyrsta val. Vissir hópar eru oftast betri á Elvanse (fólk með geðhvarfa-sýki), en þar sem Elvanse er verulega dýrara en Concerta og lyfin eru jafngóð, byrjum við almennt á Concerta. Elvanse nýtur þó sennilega betra orðspors en Concerta, þar sem það er oft lausnin þegar Concerta virkar ekki vel. Þar sem næstum allir byrja á Concerta er ekki til að dreifa eins mörgum tilfellum þar sem Elvanse virkaði illa og Concerta varð betri lausn.

(LIS)DEXAMFETAMÍN

Dexamfetamín er önnur handhverfa (enantíómera) amfetamíns. Hin heitir levoamfetamín. Dexamfetamín er mun sterkara en levoamfetamín. Lyfið Attentin inniheldur dexamfetamín. Attentin byrjar að virka hratt, hefur háan topp, og fer hratt úr líkamanum. Þegar við viljum að dexamfetamín virki jafnar og lengur notum við lyfið Elvanse. Elvanse inniheldur lisdexamfetamín, sem er dexamfetamín sem búið er að festa amínósýruna lýsín við. Það óvirkjar lyfið. Ensím í rauðu blóðkornunum þurfa svo að fjarlægja lýsínið af dexamfetamíninu til þess að virkja það. Þetta gerist smámsaman og þannig verða áhrif Elvanse bæði jafnari og lengri en á Attentin.

Það er með öllu óásættanlegt að breyta nokkru í meðferð með örvandi ADHD lyfjum án samráðs við meðferðaraðilann sem er ábyrgur fyrir lyfjameðferðinni. Það gildir jafnt um aukningu, breytta skiptingu skammta og aðrar breytingar. Það verður að ríkja traust milli skjólstæðings og meðferðaraðila til þess að hægt sé að veita meðferð.

MOLAR

Það er ferli að stilla inn rétta meðferð. Oftast tekur það nokkra mánuði.

Lyfin geta aukið áhrif áfengis. Nauðsynlegt getur verið að „læra að drekka“ upp á nýtt.

Lyfin hækka gjarnan púls og blóðþrýsting og geta gert hjartsláttinn greinilegri.

Kaffi/orkudrykkir bæta meiri örvun ofan á lyfin, sem getur oft verið óþægilegt, mest fyrst.

Lyfin skulu tekin fljótlega eftir að farið er á fætur og þeim sleppt ef það er of seint.

Ekki er ráðlegt að færa lyfjatökutíma vegna vaktavinnu. Slíkt myndi bara setja örvandi lyf í baráttu við náttúrulega klukkuklíkamans og erfiða alla aðlögun til baka.

Lyfjaskírteini þarf fyrir öll örvandi ADHD lyf. Sækja þarf um nýtt lyfjaskírteini þegar skipt er á milli lyfja. Þó gildir sama lyfjaskírteinið fyrir öll metýlfenídat lyf.

METÝLFENÍDAT

Metýlfenídat er sennilega mest notaða lyfið við ADHD. Upprunalega formið var venjulegar töflur, Rítalín. Þær frásogast fljótt úr meltingarveginum, allt innihaldið í einu, hafa háan topp og fara fljótt úr líkamanum.

Næsta kynslóð eru svo hylkin (t.d. Rítalín Uno). Hylkin innihalda kynri af tveimur gerðum. Ein þeirra er eins og töflurnar, frásogast hratt. Hinn helmingurinn er öðruvísi kynri, sem leysist mun hægar upp og frásogast síðar í meltingarveginum. Hylkin gefa því tvo „toppa“, helmingurinn virkar strax og þegar hann er að hætta að virka tekur hinn við.

Þriðja kynslóðin er svo Concerta. Hér er um að ræða töflur þar sem ytra byrðið leysist fljótt upp. Beint fyrir innan það er lag af lyfi (tæpur fjórðungur lyfjainnihalds töflunnar) sem frásogast hratt. Fyrir innan það er sérstakt hylki með hálfgegndræpri himnu og míkroboruðum götum. Þegar vökví úr þarminum fer þar inn þrýstir það lyfinu smámsaman út á meðan hylkið ferðast í gegnum meltingarveginn. Concerta virkar því lengur en hin.

LYFJAENDURNÝJANIR

Eins og fyrir önnur geðlyf viljum við ekki að skjólstæðingar okkar óski eftir eða þiggi lyfseðla fyrir örvandi ADHD lyfjum frá öðrum læknum/stofnunum. Biðji t.d. ekki um lyfjaendurnýjanir á þessum lyfjum í gegnum Heilsuveru.

Fyrir örvandi ADHD lyf er þetta sérstaklega mikilvægt. Notkun þeirra er undir sérstaklega ströngu eftirliti og það að fá það uppáskrifað frá læknum á fleiri en einni stofnun býr aðeins til óreiðu. Lyfin eru vandmeðfarin og það gengur ekki að hafa fleiri en einn kokk í eldhúsinu. Að biðja aðra en þá sem stýra meðferðinni að skrifa lyfseðla fyrir henni býður hættunni heim hvað varðar mistök.

Eftir útskrift frá okkur gildir þetta auðvitað ekki.